

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 3. janúar 2017 breytingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2012-2024, sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. nóvember 2016.

Í breytingartillögunni felst að 5,3 ha spildu fyrir frístundabyggð í landi Sámsstaða (F-318) er breytt í landbúnaðarsvæði og lóðum er fjölgað úr 16 í 18 lóðir á svæði fyrir frístundabyggð í landi Réttarfitja (F-356). Einnig eru settir skilmálar fyrir frístundabyggð á Sámsstöðum sunnan vegar (F-319) sem áður var eingöngu skilgreind á uppdrætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. janúar 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2017